



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

# TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisöflfræði

5. árg. 5. tölublað. Maí 2011.

## EFNI:

Samskipti við heilsugæslustöðvar árið 2010

### Ritstjórn

Lilja Sigrún Jónsdóttir sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

## SAMSKIPTI VIÐ HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR ÁRIÐ 2010

Tölur um samskipti við heilsugæslustöðvar fyrir árið 2010 voru nýlega birtar á vef Landlæknisembættisins. Þar er að finna heildaryfirlit yfir samskipti við heilsugæsluna á landinu öllu og mismun á milli einstakra heilsugæslustöðva.

Árið 2010 var heildarfjöldi skráðra samskipta ríflega 2,3 milljónir, eða sem samsvarar 7,3 samskiptum á hvern íbúa en með samskiptum er átt við viðtöl, vitjanir, símtöl og önnur samskipti við allar starfstéttir á heilsugæslustöðvum landsins. Ef símtöl eru ekki talin með voru samskiptin rúmlega 1,6 milljón eða 5,1 á hvern íbúa.


Skráð viðtöl hjá læknum á heilsugæslustöðvum landsins voru nokkuð færri árið 2010 en árið áður, eða 632.243 (2,0 á hvern íbúa) miðað við 668.744 (2,1 á hvern íbúa) árið 2009.

Viðtölum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra fækkaði einnig árið 2010 miðað við fyrra ár, eða úr 299.017 (0,9 á hvern íbúa) árið 2009 í 261.191 (0,8 á hvern íbúa) árið 2010. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að árið 2009 var óvenju

annasamt í heilsugæslunni vegna svínainflúensu og bólusetningar gegn henni. Tölurnar eru þó að mestu leyti svipaðar og síðustu ár.

Meðfylgjandi mynd sýnir komur til lækna á heilsugæslustöðvum árið 2010, skipt eftir heilbrigðisumdæmum. Eins og áður hefur verið nefnt kom hver íbúi að meðaltali tvisvar sinnum til lækna á heilsugæslustöðvum landsins. Dreifing eftir landshlutum er hins vegar nokkuð breytileg. Þannig voru komur til lækna (viðtöl) hlutfallslega færstar á höfuðborgarsvæðinu, eða 1,8 á hvern íbúa en flestar í þeim landsbyggðarumdæmum sem fjærst eru höfuðborgarsvæðinu og stærri sjúkrahúsum, s.s. á Austurlandi (2,8 á hvern íbúa), á Suðurlandi (2,8 hvern á íbúa) og á Vestfjörðum (2,7 á hvern íbúa). Ástæður þessa geta m.a. verið þær að íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga þess kost að nýta sér ýmsa sérfræðiþjónustu sem minna framboð er af í öðrum landshlutum.

(Framhald bls. 2)



*Konur leita talsvert meira til heilsugæslunnar heldur en karlmenn. Þær voru 58% þeirra sem komu í viðtöl og 64% vitjana voru til kvenna.*


Undanfarin ár hefur aukin áhersla verið á eflingu heimahjúkrunar með það að markmiði að gera einstaklingum kleift að dvelja heima við sem eðlilegastar aðstæður, þrátt fyrir veikindi eða öldrun. Sjúkraliðar í heilsugæslunni starfa að miklu leyti við heimahjúkrun, en skráning þeirra í sjúkraskrár hefur tekið miklum framförum upp á síðkastið. Því hefur verið ákveðið að birta tölur um vitjanir sjúkraliða sérstaklega, en þær féllu áður undir flokkinn önnur samskipti. Árið 2010 voru vitjanir sjúkraliða 233.998, eða 0,7 á hvern íbúa landsins.

Þegar viðtöl og vitjanir á heilsugæslustöðvum landsins eru greind eftir aldri og kyni þeirra sem nýta sér þjónustuna má sjá að flest samskipti eru vegna yngstu barnanna, undir 5 ára aldri, og elstu aldurshópanna (sjá myndir 2 og 3). Þá leita konur talsvert meira til heilsugæslunnar heldur en karlmenn og hefur svo verið frá því byrjað var að birta tölfræði um þjónustu heilsugæslunnar. Árið 2010 voru konur þannig 58% þeirra sem komu í viðtöl á heilsugæslu-


stöðvar og 64% allra vitjana í heilsugæslunni voru til kvenna. Mestur munur er þó milli kynjanna hvað varðar komur kvenna á heilsugæslustöðvar á frjósemissskeiðinu enda þurfa konur meira á heilbrigðisþjónustu að halda á þeim aldri, m.a. vegna getnaðarvarna og mæðraverndar. Munurinn milli kynja minnkar síðan eftir að miðjum aldri er náð.

Töfluna *Samskipti við heilsugæslustöðvar 2010* ásamt fleiri tölum um notkun heilsugæslu má nálgast á vef Landlæknisembættisins á vefsíðunni [Notkun heilbrigðisþjónustu – tölur](#)

*Lilja Bjarklind Kjartansdóttir  
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir*



Mynd 2



\* Lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sjúkraliða og fleiri heilbrigðisstétta.

Heimild mynda: Samskiptaskrá heilsugæslustöðva, Landlæknisembættinu.

Mynd 3